



Alþingi
Erindi nr. P 141/1618
komudagur 15.2.2013

Reykjavík, 15. febrúar 2013

Frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum (öryggisráðstafanir ofl.)

Umsögn

Landssamtökin Gedhjálp vilja koma á framfæri við allsherjar- og menntamálanefnd athugasemdam um frumvarp um breytingar á almennum hegningarlögum (nr. 19/1940), hvað varðar öryggisráðstafanir og fleira.

Í fyrsta lagi vilja samtökin benda á skort á samráði við fagaðila og sjúklingasamtök við gerð frumvarpsins. Þrátt fyrir að markmið breytinganna hafi verið endurskoðun eldri lagaákvæða verður ekki séð að þeim hafi verið komið í nútímalegra horf. Til þess hefði þurft samráð við fagaðila, og upplýsingar um gedheilbrigðisþjónustu og hvaða sjónarmið liggi baki henni. Af þeim sökum telja samtökin nauðsynlegt að frumvarpið verði unnið aftur og þá í samráði fag- og hagsmunaaðila.

Í öðru lagi má gagnrýna frumvarpið út frá mannréttindasjónarmiði. Efni frumvarpsins er ekki í takti við þróun mála innanlands, þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur gengist við í mannréttindamálum eða þau viðmið sem alþjóðastofnanir hafa gefið út.

- 2.gr. Í þessari grein kemur skýrt fram að þeim öryggisráðstöfunum sem beita má, eigi eingöngu að beita ef lífi, heilsu eða frelsi annarra er hættu búin. Það sjónarmið er í samræmi við þá grundvallarhugsun sem liggur að baki nauðungarvistun á geðdeild. Aftur á móti er inntak greinarinnar að þegar allar ráðstafanir, m.a. geðmeðferð, reynast ófullnægjandi, megi samt sem áður dæma mann til vistunar á geðdeild. Erfitt er að sjá hvers vegna einstaklingur sem ekki svarar geðmeðferð eigi að vistast á geðdeild, þar sem tilgangur geðdeilda er að veita einstaklingum meðferð við geðsjúkdómum. Í því ljósi er eðlilegt að mat á slíkri öryggisráðstöfun sé í höndum fagfólks, með tilliti til möguleika á meðferð, en ekki dómstóla.
- 3.gr. Í þeim sáttmálum og viðmiðum sem Ísland er aðili að um rétt einstaklinga með geðræn veikindi er lögð á það áhersla að einstaklingar séu eingöngu vistaðir gegn vilja sínum í meðferðarskyni og þegar talið er af fagfólki að einstaklingnum og/eða öðrum stafi annars hættu af hegðun þeirra.¹ Í nógildandi lögum er mælt fyrir um að ávallt skuli beita vægasta úrræði og aldrei lengur en þörf krefur, sem er í samræmi við fyrrgreind mannréttindasjónarmið. Þá er að finna í lögum heimild til að nauðungavista einstaklinga í allt að 21 dag, og jafnframt að svipta einstaklinga sjálfræði í nokkur ár, en ótímabundnar

¹ Sameinuðu þjóðirnar, 1991. A/RES/46/119: „Principles for the protection of persons with mental illness and the improvement of mental health care”; Evrópuráðið, 1987. “European Convention for the Prevention of Torture and inhuman or Degrading Treatment or Punishment”; Evrópuráðið, 1994. “Recommendation 1235 on psychiatry and human rights”; Evrópuráðið, 2004. “Recommendation no. 10 concerning the protection of the human rights and dignity of persons with mental disorders; Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 2007.

sjálfræðissviptingar tíðkast ekki lengur. Í 3. gr. frumvarpsins er aftur á móti kveðið á um ótímabundna vistun í ákveðnum tilvikum, en vistun takmörkuð við 5 ár í öðrum með möguleika á tveggja ára framlengingu. Greinin gengur því lengra en sú framkvæmd sem nú þekkt og gengur í berhögg við að aldrei skuli beita úrræðum lengur en þörf krefur. Þar með er vald ríkisins til að svipta borgaranna frelsi aukið, sem verður að teljast varhugavert.

- 5.gr. Í þessari grein er kveðið á um að hægt verði að dæma menn í frekari öryggisráðstafanir eftir að afplánun í fangelsi er lokið. Þetta stangast á við þá hugmynd að ekki megi dæma menn tvisvar fyrir sama brot. Jafnframt er falið í ákvæðinu hugmynd um forvirkar aðgerðir svo koma megi í veg fyrir fleiri brot. Vandséð er að það slíkt ákvæði samræmist hugmyndum um tilgang refsivistar, og ef slík öryggisráðstöfun á að hafa meðferðargildi er eðlilegt að ákvörðunin sé í höndum þar til bærs fagfólks á geðsviði, en ekki dómstóla.

Að lokum verður ekki séð að kostnaðarmat í frumvarpinu sé raunhæft, þar sem ekki er gert ráð fyrir kostnaðarauka fyrir þær geðdeildir og önnur úrræði sem vísað er til.

Fyrir hönd Geðhjálpur,

Eva Bjarnadóttir